



## Stjórnarfundur AKÍS

**Staður og tími:** Fundarherbergi ÍSÍ - 19.4.2016 kl. 12:00

**Mætt:**

Einar Gunnlaugsson (EG), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMB), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Ragnar Róbertsson (RR), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Þórður Bragason (ÞB), Jón Bjarni Jónsson (JJ), Sigurður Gunnar Sigurðsson (SGS)

**Fjarverandi:** Ari Jóhannsson (AJ), Jón Rúnar Rafnsson (JRR), Magnús Á Ástráðsson (MÁÁ)

ÞA ritaði fundargerð.

---

### 1. Torfæra

Rætt um torfæru hér heima og erlendis.

**Búrareglur:** Í tæknihluta torfærureglina vantar teikningar til samræmis við það sem lýst er í orðum. Hugsanlega má notast við teikningar í FIA reglum af T1, T2 og T3. Í dag eru einhver keppnistæki sem eru á undanþágu hvað varðar smíði búranna.

Samþykkt að þessar undanþágur falli niður í lok þessa keppnistímabils.

Samþykkt var að skoða hvort verk- eða tæknifræðingar fengjust til að reikna út styrk búra eftir teikningum. Það ásamt niðurstöðu mælinga höggkrafta á tæki og keppendur á Hellu í maí 2016 gætu komið inn í reglur fyrir næsta keppnistímabil.

**Keppnisráð:** Keppnisráð í torfæru verður að vera virkari og skila tillögum að breytingum á keppnisreglum og tæknireglum torfæru fyrir formannafund AKÍS í haust.

**Samstarf við NEZ:** Nokkur óánægja er með það hversu fáir keppendur koma frá öðrum NEZ löndum og stefnir í að mótið á Hellu verði ekki lögleg NEZ keppni.

Lagðar hafa verið fram tillögur að Formula off-road World Cup, sem vísað hefur verið til keppnisráðs í torfæru með það fyrir augum að þær verði samþykktar á formannafundi AKÍS í haust.

### 2. Stuðningur við Formula Student

Samþykkt að AKÍS standi fyrir 4-6 tíma keppnisaksturskennslu fyrir ökumenn Team Sleipnir og Team Spark.

### 3. Logo AKÍS



Samþykkt tillaga formanns að uppfærðu útliti á logo (litur og letur).



#### 4. Fjármál AKÍS

Farið yfir helstu kostnaðarliði.

Samþykkt að stærri kostnaðarliðir fari fyrir stjórn AKÍS.

#### 5. Önnur mál

**Keppnisráð -**

Samþykkt að vinna að endurskoðun á reglum keppnisráð í ljósi reynslu undangenginna tveggja ára. Í þeim eftir kom fram hvernig skipa eigi í keppnisráð, hvor setja eigi mesta og minnsta fjölda.

Samþykkt var að setja í reglurnar að fundargerðir verði færðar og sendar til AKÍS.